

Foreldrar og börn í knattspyrnu

Á undanförunum árum hefur stuðningur og þátttaka foreldra barna í knattspyrnu stóraukist, en sífellt verður algengara að foreldrar mæti á æfingar og leiki barna sinna og taki virkan þátt í knattspyrnustarfinu. Þetta hefur eflit knattspyrnu barna og knattspyrnuhreyfinguna í heild sinni og fagnar knattspyrnudeild Hauka þessari jákvæðu þróun.

Knattspyrna er langvinsælast íþróttagreinin á Íslandi og í heiminum. Mikill meirihluti iðkenda eru börn og unglingar undir 16 ára aldri. Öllum þessum fjölda fylgja fjölskyldur sem styðja við börnin í knattspyrnuíðkun þeirra og mæta á völlinn.

Kostir knattspyrnuíðkunar fyrir börn

Knattspyrnuíðkun barna er þroskandi því henni fylgja fjölmargir kostir:

- Ný tækifæri fyrir barnið þitt til að eignast góða vini.
- Skemmtun, gleði, spenna og ánægja (bæði fyrir þig og barnið þitt).
- Tækifæri til að bæta líkamlega færni og efla sjálfstraust.
- Betri hreyfiproski og félagsþroski.
- Agi og sjálfsagi.
- Að læra hvernig á að vinna í hóp til að ná sameiginlegum árangri.
- Að taka tillit til annara og vinna með ólíkum einstaklingum.
- Og margt fleira!

Möguleg hlutverk foreldra

Þú sem foreldri getur tekið að þér fjölmörg hlutverk til að styðja við þátttöku barnsins þíns í knattspyrnu. Það er góð hugmynd að spyrja þjálfarann hvernig þú getur hjálpað til.

Hér er listi yfir möguleg hlutverk sem þú getur tekið að þér fyrir flokk barnsins:

- Sjá um heimasíðuna.
- Taka ljósmyndir á æfingum, ferðalögum, leikjum og öðrum upptökum.
- Gerast liðsstjóri, búningastjóri, dómari, aðstoðarþjálfari eða þjálfari.
- Taka þátt í eða hafa umsjón með fjáröflun.
- Skipuleggja ferðalög og keppnisferðir.
- Mæta á æfingar og leiki til að hvetja barnið þitt sem og hin börnin.
- Þjófna þig fram í foreldraráð.
- Taka virkan þátt á foreldrafundum og foreldrastarfi, kynnast öðrum foreldrum.
- Sjá um boltamál.
- Sjá um félagslegu hliðina s.s. pizzukvöld, blóferðir, skemmtikvöld, vídeókvöld, fyrirlestra, að fara saman á knattspyrnuleik o.s.frv.

Öll þessi hlutverk er best að vinna í góðu samráði og samvinnu við þjálfara flokksins sem gæti líka haft fleiri góðar hugmyndir.

Kröfur sem þú getur gert til þjálfarans og félagsins

- Að ekki séu of margir leikmenn á æfingu á hvern þjálfara.
- Að einn bolti sé til staðar fyrir hvert barn.
- Að æfingarnar séu fjölbreyttar, spenandi og skemmtilegar.

- Að þjálfari barnsins þíns sé góð fyrirmynd og sjáist ekki drekka áfengi, reykja eða nota munntóbak fyrir framan barnið þitt.
- Að allir fái jafnan rétt til þátttöku á æfingum og í keppni.
- Þjálfari barnsins þíns á að hafa uppeldis- eða þjálfaramenntun að baki t.d. sem Íþróttakennari, Íþróttáfræðingur eða hafa lokið við fyrstu tvö þjálfaranámskeið KSÍ.

Samskipti við þjálfara

Með því að mæta á æfingar og leiki sýnir þú barninu þínu mikinn stuðning, en jafnframt veitir þú þjálfaranum gott aðhald. Eigðu góð samskipti við þjálfarann (líkt og við kennara barnsins í skólanum), en láttu hann samt um að þjálfra.

Árangur þjálfara barna í knattspyrnu á ekki eingöngu að meta út frá því hversu margir titlar eða leikir unnust heldur hversu mikil aukning hefur orðið á fjölda barna sem æfa knattspyrnu í flokknunum, framfarir leikmanna og hversu lítið brottfall hefur orðið úr flokknunum.

Finnst barninu þínu gaman á æfingum? Hlökkar barnið til að fara á fótboltaæfingar? Á barnið góða vini í flokknunum? Er þjálfarinn áhugasamur og duglegur að segja börnunum til? Læra börnin nýja færni hjá honum og taka framförum? Þetta eru allt mælikvarðar á gott starf knattspyrnuþjálfarans.

Til umhugsunar

Foreldrar eiga ekki að hafa áhrif á val þjálfarans í lið eða hóp.